

**LANDSPÍTALI**  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

**VIÐBRAGÐSÁÆTLUN**

**Landspítala**



# Ritstjórn viðbragðsáætlunar Landspítala

## Ritstjórn viðbragðsáætlunar

Ágústa Hjördís Kristinsdóttir

Bára Benediktsdóttir

Heiða Björk Gunnlaugsdóttir, ritstjóri

Sólrun Rúnarsdóttir

## Dreifing:

Heimasíða Landspítala: <http://www.landspitali.is>

**Útgefandi:** Landspítali 12. maí 2023

Ágæti viðtakandi

Reykjavík 12. maí 2023

## Viðbragðsáætlun Landspítala

Viðbragðsáætlun Landspítala (LSH) tekur til eitrona, farsóttu, geislavá, hópslysa, rýmingar og bilana í klínískum tölvukerfum. Unnið er eftir verklagsreglum og gátlistum fyrir þessa atburðaflokka til að auðvelda starfsfólki starfið þegar mikið reynir á. Verklagsreglur og leiðbeiningar um farsótt á hverjum tíma verður eingöngu að finna á heimasíðu og gæðahandbók því farsóttir eru breytilegar og nýjar leiðbeiningar eru nauðsynlegar hverju sinni. Verklagsreglur og leiðbeiningar um bilanir vegna klínískra tölvukerfa er einnig að finna á rafrænu formi en handbækur verða prentaðar út fyrir hverja deild fyrir sig.

Uppfærsla var gerð 12. maí á viðbragðsáætluninni í tengslum við leiðtogafund Evrópuráðsins og snúa þær fyrst og fremst að skipuritsbreitingum og yfirferð á gátlistum. Það er þó stefnan fyrir næstu uppfærslu að fara í allsherja endurhönnun á viðbragðsáætluninni og að gera það síðar á árinu. Líkt og í fyrri útgáfum er gert ráð fyrir því að hvert svið, deild eða eining ásamt fagnefndum riti ítarlegri gátlista og eða starfsáætlanir fyrir sína starfsemi til þess að nota þegar á reynir. Í viðauka má finna ítarefni um starfsemi LSH, stjórnskipulag almannavarna í landinu og tengingu þess við heilbrigðisstofnanir.

Viðbragðsáætlun LSH verður í stöðugri endurskoðun og eru ábendingar vel þegnar um það sem betur má fara.

Fyrir hönd ritstjórnar

Ágústa Hjördís Kristinsdóttir

Og Heiða Björk Gunnlaugsdóttir



## Efnisyfirlit

<i>Skammstafanir og orðskýringar</i> .....	1
<b>1. SAMANTEKT</b> .....	2
<b>STARFSHÆTTIR OG SKIPULAG</b> .....	3
<b>2. Atburðaflokkar og viðbragðsstig</b> .....	3
2.1 Atburðaflokkar .....	3
2.2. Viðbragðsstig í hópslysum eða hópveikindum .....	3
2.3 Viðbragðsstig vegna rekstrarvandamála .....	4
<b>3. Virkjun áætlunar</b> .....	5
<i>Mynd 3.1. Virkjun viðbragðsáætlunar LSH í hópslysi</i> .....	6
3.1 Tilkynningar um atburði, boðun og afboðun .....	7
3.2. Boðun .....	7
3.3. Einingar innan LSH.....	9
3.4. Afboðun.....	9
<b>4. Gátlistar</b> .....	9
4.1. Gátlistar um eitranir og geislavá .....	10
4.1.1. Gátlistar um eitranir - sértækt .....	32
4.1.2. Gátlistar um geislavá – sértækt.....	34
4.2. Farsóttir .....	36
4.3. Gátlistar um hópslys.....	38
4.4. Gátlistar um rýmingu vegna bruna.....	62
4.5. Bilanir í klínískum tölvukerfum.....	69
<b>VIÐAUKI</b> .....	69
<b>5. Skipulag almannavarna á Íslandi</b> .....	69
5.1. Samhæfingarstöð almannavarna .....	69
5.2. Almennavarnanefndir .....	69
5.3. Aðgerðastjórn almannavarnanefnda.....	70
<i>Mynd 5.1. Stjórnskipulag almannavarna og tenging þess við heilbrigðisstofnanir</i> .....	70
5.4. Vettvangsstjórn.....	70
5.5. Aðhlyningarstjóri .....	70
5.6. Viðbragðsstjórn LSH.....	71
<b>6. Landspítali</b> .....	73
6.1. Skilgreining .....	73
6.2. Viðbragðssveit LSH .....	73
<b>7. Fjarskiptaleiðir</b> .....	73
7.1. Grunnskipulag fjarskipta innan almannavarnarkerfis .....	73
7.2. Fjarskipti innan LSH .....	75
7.3. Símkerti .....	76
7.3.1 Símaskrá - símkerti.....	76
<b>8. Fræðsla, þekking og reynsla</b> .....	77

## Skammstafanir og orðskýringar

<b>112</b>	Samræmd neyðarsímsvörun fyrir Ísland
<b>AVD</b>	Almannavarnadeild
<b>AHS</b>	Aðhlyningarstjóri
<b>AST</b>	Aðgerðastjórn/-stjóri
<b>AVN</b>	Almannavarnanefnd
<b>ÁÆTLANIR</b>	Hluti af SÁBF (Áætlanagerð við neyðarstjórnun)
<b>BJARGIR</b>	Hluti af SÁBF (Mannaflí, tæki og búnaður)
<b>FRAMKVÆMD</b>	Hluti af SÁBF (Framkvæmdir aðgerða og samskipti við slysstað)
<b>LSH</b>	Landspítali
<b>RKÍ</b>	Rauði Kross Íslands
<b>SÁBF</b>	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, fjórir megin verkþættir verkþáttaskipuritsins sem notað er við neyðarstjórnun
<b>SSS</b>	Söfnunarsvæði slasaðra á slysavettvangi
<b>SST</b>	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð 14, Reykjavík
<b>STJÓRNUN</b>	Hluti af SÁBF ( Stjórnandi á neyðartímum)
<b>VETTVANGUR</b>	Slysstaður og þau svæði sem viðbragðsaðilar setja upp í kringum hann
<b>VBS</b>	Viðbragðsstjórn
<b>VST</b>	Vettvangsstjórn-stjóri

# 1. SAMANTEKT

Starfsfólk LSH þarf að vera í stakk búið til þess að mæta auknu álagi vegna mikils fjölda slasaðra og veikra eða vegna tjóns á mannvirkjum sem geta raskað daglegri starfsemi LSH.

*Viðbragðsáætlun LSH* veitir upplýsingar og leiðbeiningar um hvernig er best að starfa undir miklu álagi. Þegar saman fer þjálfað starfsfólk og góð viðbragðsáætlun eru meiri líkur á að öll viðbrögð verði fumlaus og örugg þegar vá ber að dyrum.

Viðbragðsáætlun LSH er til leiðbeininga en viðbragðsstjórn LSH ákveður á hverjum tíma endanlega útfærslu. Forstjóri LSH er formaður viðbragðsstjórnar en framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri lyflækninga- og bráðapjónustu bera ábyrgð á henni.

Mikilvægt er að bregðast hratt og vel við. Við útkall mæta starfsmenn LSH á sínar daglegu starfsstöðvar og gefa sig fram við sína yfirmenn nema að annað sé tekið fram.

Viðbrögðum LSH er skipt í þrjú *viðbragðsstig* eftir umfangi: *Óvissustig, hættustig og neyðarstig*.

Viðbragðsáætlun LSH er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn, ***Starfshættir og skipulag*** lýsir því hvernig spítalinn starfar þegar vá ber að dyrum. Áætlunin tekur til þriggja atburðaflokka: Hópslysa, hópveikinda og rekstrartengdrar vár. Um farsóttir gildir annað fyrirkomulag þar sem hefðbundin vá stendur yfir í stuttan tíma en farsótt yfirleitt í margar vikur eða mánuði. Farsóttarnefnd stjórnar daglegri umsýslu farsóttarverkefna í umboði viðbragðsstjórnar.

Starfsfólk LSH hefur aðgang að Viðbragðsáætlun LSH á öllum deildum og á [heimasíðu LSH](#).

Öllum stjórnendum er skylt að kynna sér viðbragðsáætlun LSH. Yfirlæknar og hjúkrunardeildarstjórar bera ábyrgð á undirbúningi sérgreina eða deilda og framkvæmdastjórar sinna sviða. Hver deild skal halda skrá yfir nöfn og símanúmer sinna starfsmanna, sem á að endurnýja og leiðrétta mánaðarlega. Deildir útbúa innri gátlista fyrir viðkomandi starfsemi umfram þau sem lögð eru fram í viðbragðsáætluninni. Símaskrá starfsmanna og vinnugögn skulu geymd á hverri deild á aðgengilegum stað í þar til gerðum vinnumöppum merktum ***VIÐBRAGÐSÁÆTLUN LSH***. Einnig á að geyma gögnin á tölvutæku formi.

Viðbragðsáætlun LSH gildir í tvö ár. Skal hún þá endurskoðuð og gildistími framlengdur en aldrei lengur en 2 ár í senn. Áætlunina á einnig að endurskoða og leiðrétta eftir æfingar, raunverulegar virkjanir eða skipulagsbreytingar ef þörf reynist á því.



# STARFSHÆTTIR OG SKIPULAG

## 2. Atburðaflokkar og viðbragðsstig

Viðbragðsáætlunin byggir á þremur atburðaflokkum og þremur viðbragðsstigum.

### 2.1 Atburðaflokkar

**1.-2.** Hópslys og/eða hópveikindi: Þegar margir slasast og/eða veikjast á sama tíma eykst álagið á LSH mikið en störf starfsmanna eru þó oftast hefðbundin.

Í viðbragðsáætluninni er gerð sérstaklega grein fyrir eitrunum og geislavá (bls 6), farsóttum (í netútgáfu) og hópslysum (bls.36)

**3.** Rekstrartengd vá: Þegar starfsemi spítalans raskast mikið vegna þess að byggingar og húskerfi skemmast eða bila eða aðföng og aðrir þættir, s.s. klínísk tölvukerfi starfa ekki eðlilega (Sjá bls.60 og bls.67).

Í viðbragðsáætluninni er gerð grein fyrir viðbrögðum vegna bruna.

Spítalinn getur þurft að takast á við ófyrirséð verkefni. Viðbragðsstjórn og starfsfólk spítalans notast þá, allt eftir aðstæðum, við hópslysa- eða rýmingarhluta viðbragðsáætlunarinnar þar til annað hefur verið ákveðið.

### 2.2. Viðbragðsstig í hópslysum eða hópveikindum

Viðbragðsstig áætlunarinnar eru þrjú og eru notuð sömu nöfn og hjá Almannavörnum.

- Óvissustig:** Viðbúnaður vegna yfirvofandi eða orðins atburðar. Ef dagleg starfsemi ræður við atburðinn, upplýsingar um atburð eru óljósar eða ekki nægar til að virkja áætlun til fulls. (*grænn litur í gátlistum*).
- Hættustig:** Orðinn atburður sem kallar á að starfað sé eftir viðbragðsáætlun. Fjöldi þolenda af þeirri stærðargráðu að aukið álag skapast á ýmsar deildir. (*gulur litur í gátlistum*).
- Neyðarstig:** LSH ræður ekki við atburðinn án utanaðkomandi aðstoðar. Nauðsynlegt að virkja LSH að fullu (*rauður litur í gátlistum*).

Á óvissustigi eru fáir kallaðir til en treyst á það starfsfólk og þá þekkingu sem er til staðar á vaktinni hverju sinni. Á hættustigi verður útkallið stærra en samt um mikinn sveigjanleika að ræða. Á neyðarstigi er umfangið svo mikið að nauðsynlegt er að virkja Landspítala að fullu auk þess að starfa náið með samstarfsaðilum utan LSH.

Þrátt fyrir sömu heiti og hjá Almannavörnum starfar Landspítali sjaldnast á sama viðbragðsstigi og Almannavarnir. Viðbragðsstjórn Landspítala ákveður hverju sinni viðbragðsstig Landspítala.

Atburðaflokkar og viðbragðsstig


## 2.3 Viðbragðsstig vegna rekstrarvandamála

	ELDUR	HÚS-OG VEITUKERFI	TÆKNIKERFI	REKSTRARÞÆTTIR
<b>ÓVISSUSTIG</b>	<p>-Eldur takmarkaður við lokuð herbergi.</p> <p>-SHS er kallað út og unnið er að því að slökkva eldinn. Hugað er að hugsanlegri hættu af útbreiðslu eldsins og aðgerðum tengdum þeim.</p> <p>-Sé þörf á rýmingu er starfað samkvæmt rýmingaráætlun LSH</p>	<p>-Vitneskja um hugsanlegar skemmdir á einstaka hús- eða veitukerfum vegna jarðskjálfta, elds, eða ytri veita. Skemmdir eru einangraðar við einstaka vélar eða deildir.</p> <p>-Viðkomandi tæknimenn kallaðir út (innan LSH eða utan) og unnið að viðgerðum.</p> <p>-Hugað að hugsanlegri útbreiðslu á vandanum og gripið til viðeigandi ráðstafana.</p>	<p>-Vitneskja um hugsanlegar skemmdir á einstaka tæknikerfum vegna jarðskjálfta, elds eða ytri veita. Skemmdir eru einangraðar við einstaka vélar eða deildir</p> <p>-Viðkomandi tæknimenn kallaðir út (innan LSH eða utan) og unnið að viðgerðum.</p> <p>-Hugað að hugsanlegri útbreiðslu á vandanum og gripið til viðeigandi ráðstafana.</p>	<p>-Starfsemi takmörkuð lítillaga vegna lokaðrar aðstöðu, starfsmannaskorts eða tækjabilana eða ef vitneskja er um væntanlega vá sem getur haft áhrif á fyrrnefnda þætti.</p> <p>-Rekstur aðlagður að breytingum samkvæmt áætlun.</p> <p>-Hugað að hugsanlegri útbreiðslu og undirbúningi fyrir hana.</p>
<b>HÆTTUSTIG</b>	<p>-Eldur laus í opnum rýmum og dreifist innan deildar. Hluti tæknikerfa dettur út á því svæði.</p> <p>-SHS kallað út og unnið er að því að slökkva eldinn.</p> <p>-Hugað að rýmingu nærliggjandi deilda, sjá rýmingaráætlun.</p>	<p>-Vaxandi útbreiðsla á bilun þar sem áhrifin dreifast um stærra svæði og hafa hugsanleg áhrif á önnur tæknikerfi sem og ytri veitur.</p> <p>-Grípa þarf til varúðar-ráðstafana þannig að rekstrarform breytist, þ.e. vinnubrögð geta breyst og skipt er um starfsstöð.</p>	<p>-Vaxandi útbreiðsla á bilun þar sem áhrifin dreifast um stærra svæði og hafa hugsanleg áhrif á önnur tæknikerfi.</p> <p>-Grípa þarf til varúðar-ráðstafana þar sem rekstrarform breytist eða hluti af því leggst niður, þ.e. vinnubrögð í takt við skort á tæknikerfum.</p>	<p>-Starfsemi takmörkuð þó nokkuð vegna lokaðrar aðstöðu, starfsmannaskorts eða tækjabilana.</p> <p>-Rekstrarformi breytt í samræmi við áætlun og aðstæður</p>
<b>NEYÐARSTIG</b>	<p>-Útbreiðsla elds nær til heillar deildar /tækni-einingar. Rýma þarf meira en eina deild.</p> <p>-SHS skilgreinir neyðarstig og lætur viðbragðsstjórn vita.</p> <p>-Unnið er að lausnum með viðkomandi sviðum, sérgreinum og deildum og kallað er út eftir tiltækri aðstoð eftir þörfum.</p>	<p>-Viðbragðsstjórn skilgreinir neyðarstig, vinnur að lausnum með viðkomandi sviðum, sérgreinum og deildum ásamt samstarfsaðilum utan LSH og kallar eftir tiltækri aðstoð</p>	<p>-Viðbragðsstjórn skilgreinir neyðarstig, vinnur að lausnum með viðkomandi sviðum, sérgreinum og deildum ásamt samstarfsaðilum utan LSH og kallar eftir tiltækri aðstoð.</p>	<p>-Hefðbundin starfsemi liggur niðri vegna lokaðrar aðstöðu, starfsmannaskorts eða tækjabilana</p> <p>-Viðbragðsstjórn skilgreinir neyðarstig, vinnur að lausnum með viðkomandi sviðum, sérgreinum og deildum ásamt samstarfsaðilum utan LSH og kallar eftir tiltækri aðstoð.</p>

### **3.Virkjun áætlunar**

Tilkynningar til LSH um atburði sem hefur valdið eða getur valdið neyðarástandi skulu berast stjórnandi lækni, sími 2011, eða vaktstjóra hjúkrunar á bráðamóttöku, sími 2019. Síðmaver LSH beinir öllum slíkum tilkynningum strax í þennan farveg. Um farsóttir gildir annað fyrirkomulag þar sem farsóttir geta verið breytilegar og standa yfir í langan tíma. Í bruna innan Landspítala er hringt í 112.

# Virkjun viðbragðsáætlunar LSH í hópslysi



Mynd 3.1. Virkjun viðbragðsáætlunar LSH í hópslysi

Atburðaflokkar og viðbragðsstig

### 3.1 Tilkynningar um atburði, boðun og afboðun


Tilkynningar til LSH um hópslys, eitranir og geislun skulu berast stjórnandi lækni á bráðamóttöku í síma 2011 eða boðtæki 7201. Símafer LSH beinir öllum slíkum tilkynningum strax til hans. Um farsóttir og bruna gildir annað ferli.

Boðun og afboðun starfsfólks fer eftir viðkomandi gátlistum hvernar starfsstöðvar. Starfsfólk er afboðað á sama hátt og það er boðað.

### 3.2. Boðun

Líklegast er að Neyðarlínan tilkynni um atburð til bráðamóttöku en samhæfingarstöðin í Skógarhlíð, Ísavia, Almannavarnadeild og fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra geta líka tilkynnt um atburð. Bráðamóttaka hringir í 112 til að staðfesta atburðinn og óskar eftir virkjun á viðbragðsáætlun.

#### Ferli virkjunar viðbragðsáætlunar Landspítala



## **Stjórnandi læknir á bráðamóttöku þarf að fá upplýsingar um:**

1. Hvers eðlis atburðurinn er.
2. Staðsetningu og hvenær atburðurinn átti sér stað.
3. Áætlaðan fjölda sjúklinga og ástand þeirra (bráðaflokkun og áverkamat)
4. Hugsanlegan komutíma sjúklinga á LSH
5. Hvort senda þurfi viðbragðssveit frá LSH
6. Aðstæður á vettvangi (hættur, veðurfar o. fl)

## **Stjórnandi læknir verður að staðfesta tilkynninguna með því að hafa samband við þann sem tilkynnir.**

Stjórnandi læknir ásamt vaktstjóra hjúkrunar á bráðamóttöku setur sjúkrahúsið á óvissu- eða hættustig allt eftir umfangi samkvæmt gátlistum. Landspítali starfar í flestum tilvikum á lægra viðbúnaðarstigi en almannavarnakerfið.

## **Ef um meintan farsóttarsjúkling eða tilkynningu um farsótt er að ræða gildir eftirfarandi:**

Vel skilgreint ferli í farsótt er nauðsynlegt að hverju sinni þar sem starfsemi LSH getur breyst mikið í langan tíma. Farsóttir eru þó þess eðlis að viðbragð getur verið mismunandi eftir eðli farsóttar, og eins gera slíkir atburðir yfirleitt boð á undan sér.

Farsóttarnefnd stjórnar daglegri umsýslu farsóttarverkefna í umboði viðbragðsstjórnar LSH og er tengiliður LSH við sóttvarnalækni. Farsóttarnefnd er skylt að miðla upplýsingum til viðbragðsstjórnar LSH og að virkja viðbragðsstjórn LSH á hættustigi og neyðarstigi.

## **Ef um bruna er að ræða gildir eftirfarandi:**

Starfsmaður Landspítala sem verður var við bruna hringir í 0112 úr borðsíma eða 112 úr farsíma og tilkynnir hvar reykur eða eldur er á LSH. Þá fer í gang rýming eftir þörfum innan brunahólfa.

### **3.3.Einingar innan LSH**

Við útkall mæta starfsmenn LSH á sínar daglegu starfsstöðvar og gefa sig fram við sína yfirmenn nema að annað sé tekið fram.

Hægt er að færa starfsfólk milli eininga sé talin þörf á því. Starfsfólk LSH vinnur samkvæmt viðeigandi gátlistum. Hver deild skal halda skrá yfir nöfn og símanúmer sinna starfsmanna, sem á að endurnýja og leiðrétta mánaðarlega. Símaskrá starfsmanna og vinnugögn skulu geymd á hverri deild á aðgengilegum stað í þar til gerðum vinnuöppum merktum *VIÐBRAGÐSÁÆTLUN LSH*. Einnig á að geyma gögnin á tölvutæku formi.

Lagt er til að deildir útbúi innri gátlista fyrir viðkomandi starfsemi umfram þá lista sem lagðir eru fram í viðbragðsáætluninni.

### **3.4.Afboðun**

Viðbragðsstjórn LSH tekur ákvörðun um hvenær dregið skuli úr aðgerðum. Starfsfólki og samstarfsaðilum utan stofnunar skal tilkynnt um afboðun á sama hátt og boðað er eftir.

Við afboðun er lagt kapp á að snúa sem fyrst aftur í reglubundna starfsemi. Forgangsröðun endurreisnarverkefna er í höndum viðbragðsstjórnar LSH.

Það er á höndum framkvæmdastjóra hvers sviðs fyrir sig að fara yfir atburðarásina með sínu starfsfólki og meta hvernig tókst til og þörf fyrir viðrun.

Eftir atburð er viðbragðsstjórn með viðrun og ritari viðbragðsstjórnar skráir niðurstöður viðrunar. Niðurstöður eru vistaðar á Teams svæði viðbragðsstjórnar. Hægt er að nota niðurstöðurnar til að draga lærdóm af viðbragðinu og bæta viðbragðsáætlun og viðbragð Landspítala.

## **4. Gátlistar**

Gátlistar viðbragðsáætlunar eru ekki tæmandi. Hvert svið, deild og/eða eining verður að útfæra sína gátlista nánar eftir því sem við á.

Allir á LSH vinna á sama viðbragðsstigi.

Ef unnið er t.d. á hættustigi hópslyss vinna allir í gátlistum fyrir hópslys á hættustigi – gulir listar.

## 4.1. Gátlistar um eitranir og geislavá

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	Eitranir/Geislavá
			<b>STJÓRNANDI LÆKNIR Á BRÁÐAMÓTTÖKU</b>
			<b>1.0 Stjórnandi læknir á bráðamóttöku</b> <b><i>Kalltæki: 7201 GSM: 824 5874</i></b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Sannreynir tilkynningu um eitranir eða geislavá (nægir að einn þessara aðila tilkynni):
			<b>Fyrsta boðleið</b>
			<b>Til vara</b>
			Neyðarlínan 112 Tetra-talstöð
			Samhæfingarmiðstöð 570-2640 Tetra-talstöð
			Skógarhlíð
			Fjarskiptamiðstöð 570-2615 Tetra-talstöð
			Ríkislögreglustjóra
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Viðbragðsstjórn LSH 5431000 Tetra-talstöð
			<b>1.1 Stjórnandi læknir á bráðamóttöku</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>Safnar upplýsingum um atburð:</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Hvað hefur gerst?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Staðsetning á atburði
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Tímasetning á atburði
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Liggur fyrir áætlaður fjöldi sjúklinga? Tölur úr bráðaflokkun á vettvangi?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Hvers kyns eitrun er um að ræða? Hvaða efni?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Hugsanlegur komutími sjúklinga á LSH
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Er þörf á að senda Viðbragðssveit LSH á staðinn?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ákveður í upphafi ásamt vaktstjóra hjúkrunar á bráðamóttöku viðbragðsstig vegna eitrona/geislavá
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hringir í Neyðarlínu 112 og tilkynnir: LSH starfar á (óvissu-, hættu-, neyðarstigi) viðbragðsstigi Óskar eftir virkjun á viðbragðsáætlun Landspítala (sms-boðun)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>Hringir í síma <u>9999</u> (símaver) og tilkynnir</b> <b>Hvað hefur gerst?</b> <b>Viðbragðsáætlun LSH hefur verið virkjuð</b> <b>Á hvaða viðbragðsstigi er starfað (óvissu-, hættu-, neyðarstig)</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Upplýsir samstarfsfólk á bráðamóttöku um viðbragðsstig eitrona/geislavá
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Sé atburður þess eðlis, ákveður í upphafi ásamt vaktstjóra hjúkrunar á bráðamóttöku hvort setja þurfi upp aðstöðu til forgangsroðunar í sjúkrabílageymslu eða sérstaka eitrunargátt/geislagátt og þá hverskonar. Sjá gátlista um eitrunargátt og geislagátt
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ákveður í upphafi ásamt vaktstjóra hjúkrunar á bráðamóttöku hvernig skipta skuli bráðamóttöku skv. gátlistum



<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kallar áverkateymi (traumahnappur) og endurlífgunarteymi (neyðahnappur) til fundar á fjarskiptaherbergi G2 og upplýsir viðkomandi starfsfólk um atburð og viðbragðstig
			<b>1.2 Stjórnandi lækni á bráðamóttöku</b>
<input type="checkbox"/>			Lætur tilkynna yfirlækni bráðamóttöku eða staðgengli um viðbragðsstig eitrona/geislavá
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur kalla út yfirlækni bráðamóttöku eða staðgengil
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tryggir að nauðsynleg verkefni á gátlista yfirlækni séu framkvæmd þar til yfirlæknir eða staðgengill hans mætir í hús
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>Ef eitrun, lætur kalla út:</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Þann sem er á vakt á eitrunarmiðstöð
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Vakthafandi sérfræðilækni í lungnalækningum
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Vakthafandi lyfjafræðing í apóteki</li> </ul>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>Ef geislavá, lætur kalla út:</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vakthafandi sérfræðing í blóð- og krabbameinslækningum</li> </ul>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Vakthafandi lyfjafræðing í apóteki</li> </ul>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Metur þörf fyrir greiningasveit. Skipar a.m.k. tvo reynda lækna í viðbragðssveit og undirbýr brottför hennar
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Skipar í teymi ásamt vaktstjóra hjúkrunar á bráðamóttöku
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ákveður hvaða sjúklinga á vegum bráðalækna er hægt að útskrifa af bráðamóttöku

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	Eitranir/Geislavá
			<b>VAKTSTJÓRI HJÚKRUNAR Á BRÁÐAMÓTTÖKU</b>
			<b>2.0 Vaktstjóri hjúkrunar á bráðamóttöku</b> <i>Kalltæki: 7200 GSM: 824 5873, 543-2019</i>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>Safnar upplýsingum um atburð:</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Hvað hefur gerst?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Staðsetning og tímasetning
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Liggur fyrir áætlaður fjöldi sjúklinga? Tölur úr bráðaflokkun á vettvangi?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Hvers kyns eitrun er um að ræða? Hvaða efni?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Hugsanlegur komutími sjúklinga á LSH
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	• Er þörf á að senda Viðbragðsveit LSH á staðinn?
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ákveður í upphafi ásamt stjórnandi lækni á bráðamóttöku viðbragðsstig
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hringir í Neyðarlínu 112 og tilkynnir: LSH starfar á X (óvissu-, hættu-, neyðarstig) viðbragðsstigi Óskar eftir virkjun á viðbragðsáætlun Landspítala (sms-boðun)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>Hringir í síma <u>9999</u> (símaver) og tilkynnir:</b> <b>Hvað hefur gerst?</b> <b>Viðbragðsáætlun LSH hefur verið virkjuð</b> <b>Á hvaða viðbragðsstigi er starfað (óvissu,- hættu,- neyðarstig)</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Upplýsir samstarfsfólk á bráðamóttöku um viðbragðsstig eitrunar/geislavá
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Sé atburður þess eðlis, ákveður í upphafi ásamt stjórnandi lækni á bráðamóttöku hvort setja þurfi upp aðstöðu til forgangsöröðunar í sjúkrahúsgæmslu eða sérstaka eitrunargátt/geislagátt og þá hverskonar. Sjá gátlista um eitrunargátt og geislagátt
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ákveður í upphafi ásamt stjórnandi lækni á bráðamóttöku hvernig skipta skuli bráðamóttöku skv. gátlistum
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur tilkynna hjúkrunardeildarstjóra bráðamóttöku um viðbragðsstig
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur kalla út hjúkrunardeildarstjóra bráðamóttöku eða staðgengil
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tryggir að nauðsynleg verkefni á gátlista hjúkrunardeildarstjóra séu framkvæmd þar til hjúkrunardeildarstjóri eða staðgengill hans kemur í hús
			<b>2.1 Vaktstjóri</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Velur tvo reynda hjúkrunarfræðinga í viðbragðsveit
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Sér til þess að samfelld vakt sé á fjarskiptaherbergi <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tryggir hlustun á Tetra – „LSH Allir“ og „Heilbr. Hbs.“</li> </ul>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Undirbýr deild skv. innri gátlista
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>Lætur tilkynna</b> viðbragðsstig eitrona/geislavár
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	▪ Vaktstjóra bráðamóttöku barna við Hringbraut <b><u>825-5196</u></b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	▪ Lífeindafræðingi á rannsóknadeild <b><u>824-5898</u></b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	▪ Blóðbankanum <b><u>824-5585</u></b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	▪ Vakthafandi innlagnastjóra <ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Utan vinnutíma innlagnastjóra skal hafa samband við deildarstjóra flæðisdeildar <b><u>824-5956</u></b></li> </ul>

<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur setja upp skimun vegna eitrunar/geislavár við inngang bráðamóttöku í samráði við stjórnandi lækni
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Fær ritara til að færa dagbók um atburði í tímaröð
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Raðar vakthafandi hjúkrunarfræðingum í teymi með læknum
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Miðlar upplýsingum til deildarstjóra bráðamóttöku

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	
			<b>Eitranir/Geislavá</b> <b>STJÓRNANDI LÆKNIR Á BRÁÐAMÓTTÖKU BARNA</b>
			<b>7.0 Stjórnandi læknir á bráðamóttöku barna</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Upplýsir samstarfsfólk um viðbragðsstig eitrunar/geislavá
<input type="checkbox"/>			Lætur tilkynna yfirlækni BMB eða staðgengli hans um viðbragðsstig eitrunar/geislavá
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur kalla út yfirlækni BMB eða staðgengil hans
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Skipar í áverkateymi ásamt vaktstjóra hjúkrunar á BMB
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Býr sig undir að taka á móti veikum börnum
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kannar stöðu sjúklinga sem hægt er að útskrifa ásamt vaktstjóra hjúkrunar
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	
			<b>Eitranir/Geislavá</b> <b>VAKTSTJÓRI HJÚKRUNAR Á BRÁÐAMÓTTÖKU BARNA VIÐ HRINGBRAUT</b>
			<b>8.0 Vaktstjóri hjúkrunar bráðamóttöku barna við Hringbraut. Sími: 543 3079</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Upplýsir samstarfsfólk um viðbragðsstig eitrona/geislavár
<input type="checkbox"/>			Upplýsir hjúkrunardeildarstjóra um viðbragðsstig eitrona/geislavár
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Upplýsir deildarlækni á barnadeild
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur setja upp skimun vegna eitrunar/geislavá við inngang BMB til að beina útsettum sjúklingum í Fossvog
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Beinir sjúklingum úr eitrunarslysi/geislavá í Fossvog
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Upplýsir vökudeild um viðbragðsstig
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Upplýsir vaktstjóra legudeildar BH um viðbragðsstig
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kannar stöðu sjúklinga ásamt sérfræðingi, sem hægt er að útskrifa
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Býr sig undir að taka á móti veikum börnum
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn
			<b>8.1 Vaktstjóri hjúkrunar bráðamóttöku barna við Hringbraut</b>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kallar út
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hjúkrunardeildarstjóra BMB</li> <li>Hjúkrunardeildarstjóra göngudeildar</li> </ul>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn</li> </ul>

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	<b>Eitranir/Geislavá</b>	
			<b>VIÐBRAGÐSSVEIT LSH OG LÆKNIR ÞYRLU</b>	
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>9.0</b>	<b>Viðbragðssveit LSH skal ferðbúast og starfar samkvæmt vettvangsstjórnarkerfi</b>
			<b>9.1</b>	<b>Mannaflí</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Sérfræðilæknir frá bráðamóttöku er stjórnandi
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Reyndur læknir af bráðamóttöku
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Tveir reyndir hjúkrunarfræðingar af bráðamóttöku
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Aðrir sérfræðingar eftir aðstæðum hverju sinni
			<b>9.2</b>	<b>Búnaður</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Samkvæmt gátlista um eitranir/geislavá í viðbragðsherbergi inn af sjúkrabílageymslu ATH. Hvort þurfi sérstakan búnað vegna eitrunar? Hlífðarbúnað eða annað?
			<b>9.3</b>	<b>Flutningur</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Lögregla höfuðborgarsvæðisins sendir bifreið á bráðamóttöku til að flytja Viðbragðssveit LSH ásamt búnaði
			<b>9.4</b>	<b>Stjórnandi Viðbragðssveitar LSH</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Hefur fjarskiptasamband við bráðamóttöku í talhóp „ <b>Heilbr-HBS</b> “ uns annað er ákveðið
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Skipuleggur störf liðsmanna sveitarinnar
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Kemur á fjarskiptasambandi skv. gátlista
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Fær hjá aðgerðastjórn fyrirmæli um áfangastað
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Fylgist með, að nóg sé af mannskap, búnaði og sjúkraflutningatækjum
			<b>9.5</b>	<b>Læknir á þyrluvakt</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Fer á vettvang með þyrlu Landhelgisgæslunnar þegar við á
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Gefur stjórnandi lækni skýrslu
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>		Starfar með Viðbragðssveit LSH eftir að hún kemur á vettvang

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	<b>Eitranir/Geislavá</b> <b>YFIRLÆKNIR BRÁÐAMÓTTÖKU</b>
			<b>10.0 Yfirlæknir Bráðamóttöku (eða staðgengill)</b>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Mætir í fjarskiptaherbergi á bráðamóttöku G2
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Stjórnar starfsemi á bráðamóttöku í samvinnu við hjúkrunardeildarstjóra
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur kalla út eftir þörfum
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Lækna og/eða læknaritara</li> </ul>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur útskrifa og rýma á bráðamóttöku eftir þörfum í samráði við hjúkrunardeildarstjóra
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Felur sérfræðilækni á bráðamóttöku að skipuleggja og stjórna forgangsröðun sjúklinga við komu
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Skipar í áverkateymi og raðar sjúklingum á teymi
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hefur yfirsýn yfir sjúklinga á deildinni (flæðisskráningarblað)
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hefur samráð við sérfræðinga á vakt á öðrum deildum um flæði og flutning sjúklinga á aðrar deildir
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Miðlar upplýsingum til viðbragðsstjórnar

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	<b>Eitranir/Geislavá</b> <b>HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI Á BRÁÐAMÓTTÖKU</b>
			<b>10.0 Hjúkrunardeildarstjóri (eða staðgengill)</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tryggir að framkvæmdastjóri lyflækninga- og bráðapjónustu eða staðgengill sé upplýstur
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Mætir í fjarskiptaherbergi á bráðamóttöku G2
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Stjórnar starfsemi bráðamóttöku í samvinnu við yfirlækni
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur kalla út eftir þörfum
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Aðstoðardeildarstjóra bráðamóttöku</li> <li>▪ Starfsfólk bráðamóttöku</li> </ul>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur setja upp greiningarsvæði sjúklinga í móttöku sjúkrabifreiða
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur útskrifa og rýma bráðamóttöku í samráði við yfirlækni
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tryggir að aðstaða sé tilbúin fyrir móttöku sjúklinga og aðstandenda
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur athuga birgðir á deildinni
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Skipar í áverkateymi og raðar sjúklingum á teymi
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hefur yfirsýn yfir sjúklinga á deildinni (flæðisskráningarblað)
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Miðlar upplýsingum til viðbragðsstjórnar

Óvissustig	Hættustig	Neyðarsti	<b>Eitranir/Geislavá RITARAR BRÁÐAMÓTTÖKUR</b>
			<b>14.0 Móttökuritarar</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tilkynna lækna riturum um viðbragðsstig
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Taka fram skráningarblöð vegna hópslysa
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kalla út fleiri móttökuritarara eftir þörfum í samráði við deildarstjóra
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Stjórnandi ritari er skipaður af deildarstjóra
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Verkefni: Skiptir riturum á starfstöðvar í samráði við deildarstjóra, hefur yfirsýn yfir innskráningu og leiðbeinir. Heldur utan um skráningu í lok atburðar
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Einn móttökuritari vinnur með hjúkrunarfræðingi í forgangs röðun. Sér um að færa upplýsingar á flæðisskráningu á töflu inni á deild ef slys er utan dagvinnutíma
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Aðrir móttökuritarar vinna með teyllum við skráningu og upplýsingamiðlun
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ritarar sem eru staðsettir í móttöku eiga að sinna hefðbundnum ritarastörfum og fylgjast með biðstofu
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kallar út starfsfólk eftir fyrirmælum deildarstjóra/vaktstjóra
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ritarar á bráðadeild hafa samskipti í gegnum tetra talstöðvar á rás „ <i>Mobil</i> “
			<b>14.1 Læknaritarar á dagvinnutíma</b>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kalla út fleiri lækna ritara eftir þörfum í samráði við yfirlækni bráðamóttöku
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Vinna að sjúkraskýrslugerð
			<b>14.2 Hjúkrunarritarar</b>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kalla út starfsfólk skv. fyrirmælum deildarstjóra
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Færa upplýsingar inn á flæðisskráningarblað

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	<b>Eitranir/Geislavá</b>
			<b>YFIRLÆKNIR BRÁÐAMÓTTÖKU BARNNA VIÐ HRINGBRAUT</b>
			<b>15.0 Yfirlæknir bráðamóttöku barna við Hringbraut (eða staðgengill hans)</b>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Stjórnar starfsemi BMB í samvinnu við hjúkrunardeildarstjóra
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Býr sig undir að taka á móti almennum bráðatilfellum og börnum úr eitrunarslysi
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur kalla lækna út eftir þörfum skv. gátlistum
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur rýma BMB eftir þörfum í samráði við hjúkrunardeildarstjóra
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Felur sérfræðingi á BMB að skipuleggja og stjórna forgangsröðun sjúklinga við komu
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hefur yfirsýn yfir sjúklinga á deildinni (flæðisskráningarblað)
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hefur samráð við sérfræðinga á vakt á öðrum deildum um flæði og flutning sjúklinga á aðrar deildir
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Miðlar upplýsingum til viðbragðsstjórnar

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	<b>Eitranir/Geislavá</b>
			<b>HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI BRÁÐAMÓTTÖKU BARNNA VIÐ HRINGBRAUT</b>
			<b>16.0 Hjúkrunardeildarstjóri bráðamóttöku barna við Hringbraut (eða staðgengill) Sími: 543 3705 GSM 824 5862</b>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Stjórnar starfsemi BMB í samvinnu við yfirlækni
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Býr sig undir að taka á móti almennum bráðatilfellum og börnum úr eitrunarslysi
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur kalla út starfsfólk eftir þörfum skv. gátlistum
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur rýma BMB í samráði við yfirlækni
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur undirbúa deild skv. innri gátlistum
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Skipar í áverkateymi og raðar sjúklingum á teymi
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hefur yfirsýn yfir sjúklinga á deildinni (flæðisskráningarblað)
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Miðlar upplýsingum til viðbragðsstjórnar



Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	Eitranir/Geislavá
			<b>SÉRNÁMSLÆKNIR Á SKURÐLÆKNINGAÐEILDUM</b>
			<b>17.0 Sérnámslæknir eða sérnámsgrunnlæknir á vakt fyrir skurðlækningadeildir í Fossvogi <i>Kalltæki: 7204</i></b>
<input type="checkbox"/>			Heldur sambandi við stjórnandi lækni Bráðamóttöku og bíður frekari fyriræla
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tilkynnir viðbragðsstig vegna eitrana/geislavá
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sérfræðingum á vakt í skurðlækningum</li> </ul>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sérnámsgrunnlæknir á vakt í skurðlækningum</li> </ul>

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	Eitranir/Geislavá
			<b>SÉRNÁMSLÆKNIR Á SVÆFINGA- OG GJÖRGÆSLUDEILD Í FOSSVOGI</b>
			<b>18.0 Sérnámslæknir á svæfinga- og gjörgæsludeild</b> <b><i>Kalltæki: 7203, GSM: 824 5567</i></b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tilkynnir viðbragðsstig vegna eitrana/geislavár
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sérfræðingi á vakt á svæfinga- og gjörgæsludeild</li> </ul>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skurðhjúkrunarfræðingum og svæfingahjúkrunarfræðingum á A-vakt</li> </ul>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vaktstjóra á gjörgæsludeild</li> </ul>
<input type="checkbox"/>			Heldur sambandi við stjórnandi lækni Bráðamóttöku og bíður frekari fyriræla

Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	Eitranir/Geislavá
			<b>GJÖRGÆSLU- OG SVÆFINGAÐEILDIR</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>19.0 Þessi listi á bæði við Fossvog og Hringbraut</b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<b>19.1 Sérnámslæknir á vakt fyrir svæfinga- og gjörgæsludeild í Fossvogi fer til starfa á bráðamóttöku G2</b>
			<b>19.2 Sérfræðingur á vakt á svæfingadeild í Fossvogi</b> <b><i>Kalltæki: 7210, GSM: 824-5566</i></b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tilkynnir um viðbragðsstig eitrunar/geislavár
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vaktstjóra hjúkrunar á gjörgæsludeild í Fossvogi</li> <li>Sérfræðingi á svæfinga- og gjörgæsludeild við Hringbraut</li> </ul>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Metur ásamt starfsfólki á skurðstofum, hvort fresta þurfi aðgerðum
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur kalla út eftir þörfum
<input type="checkbox"/>			Bíður frekari fyrimæla
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Fer til starfa á G2 og aðstoðar við teymisvinnu eftir þörfum
			<b>19.3 Sérfræðingur á bakvakt á svæfinga- og gjörgæsludeild í Fossvogi</b>
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Útskrifar sjúklinga af gjörgæsludeild eftir þörfum
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Lætur undirbúa komu sjúklinga á gjörgæsludeild og vöknun
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Raðar læknum og hjúkrunarfræðingum í teymi til vinnu á deildinni
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Hefur yfirsýn yfir sjúklinga á gjörgæsludeild og vöknun (flæðisskráningarblað)
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Sinnir bráðatilfellum, sem upp kunna að koma í húsinu
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Miðlar upplýsingum til framkvæmdastjóra skurðlækningaþjónustu-, skurðstofu og gjörgæsluþjónustu, staðgengils
			<b>19.4 Sérfræðingur á vakt á svæfinga- og gjörgæsludeild við Hringbraut <i>GSM 824-5417</i></b>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Tilkynnir um viðbragðsstig eitrunar/geislavár skv. gátlistum
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Kannar stöðu sjúklinga á gjörgæsludeild
